

# Síldarvinnslan hf.

---

Árshlutareikningur samstæðu

---

30. júní 2006

Síldarvinnslan hf.  
Hafnarbraut 6  
740 Fjarðarbyggð  
kt. 570269-7479

---

# Síldarvinnslan hf.

---

Árshlutareikningur samstæðu

---

30. júní 2006

## **Efnisyfirlit**

Áritun endurskoðenda	3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18

---

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og hluthafa í Síldarvinnslunni hf.

Við höfum kannað árs hlutareikning Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Árs hlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árs hlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árs hlutareikninginn eftir þeim endurskoðunarvenjum á Íslandi sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð víska fáiast um að árs hlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins, greiningu á helstu liðum árs hlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árs hlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árs hlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 28. ágúst 2006

**Deloitte hf.**

Guðmundur Kjartansson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins sem samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum þess, Garðari Guðmundssyni hf., Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Eignarhaldsfélagi Austurlands hf., SR mjöl hf. og Seley ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2006 nam tap af rekstri 204 milljónir króna. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í lok tímabilsins nam 4.371 milljónir króna. Heildareignir námu 17.970 milljónum króna.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar hf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2006, rekstrarárangri 1. janúar til 30. júní 2006 og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 28. ágúst 2006

## I stjórn

Þorsteinn Már Baldvinsson  
stjórnarformaður

Freysteinn Bjarnason

Ingi Jóhann Guðmundsson

## Framkvæmdastjóri

Aðalsteinn Helgason

# Rekstrarreikningur janúar til júní 2006

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	1. janúar - 30. júní		1. janúar - 30. júní	
	2006	2005	2006	2005
Rekstrartekjur .....	4.775.154	5.531.726	4.566.053	5.054.795
Kostnaðarverð sölu .....	(3.748.541)	(4.429.943)	(3.550.170)	(3.947.867)
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>1.026.612</b>	<b>1.101.784</b>	<b>1.015.883</b>	<b>1.106.928</b>
Aðrar tekjur .....	174.775	290.792	183.690	267.468
Útflutningskostnaður .....	(210.351)	(376.788)	(210.351)	(376.788)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	(106.291)	(139.753)	(82.871)	(90.983)
Annar rekstrarkostnaður .....	(42.020)	(69.808)	(36.158)	(67.186)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>842.726</b>	<b>806.227</b>	<b>870.193</b>	<b>839.439</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	(69.144)	(8.500)	(104.611)	(27.935)
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	35.876	6.585		
Fjármunatekjur ..... 4	423.614	329.432	414.379	320.937
Fjármagnsgjöld ..... 5	(1.494.210)	(263.624)	(1.429.225)	(257.437)
Hagnaður (tap) fyrir skatta .....	(261.138)	870.120	(249.264)	875.004
Tekjuskattur ..... 6	56.741	(141.678)	44.868	(146.562)
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>(204.397)</b>	<b>728.442</b>	<b>(204.397)</b>	<b>728.442</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>				
Hagnaður á útistandandi hlut .....	(0,12)	0,43		

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		30.06.2006	31.12.2005	30.06.2006	31.12.2005
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	8.076.554	8.240.823	7.283.974	7.417.715
Óefnislegar eignir .....	9	3.043.688	2.893.912	2.198.681	2.048.905
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum .	10	1.094.010	1.163.084	2.470.132	2.574.743
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	11	85.136	85.136	81.336	81.336
Skuldabréfaeign .....	12	194.170	170.452	194.170	170.452
		<u>12.493.559</u>	<u>12.553.407</u>	<u>12.228.293</u>	<u>12.293.151</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....	13	2.544.391	823.181	2.244.857	486.220
Viðskiptakröfur .....		2.318.442	1.317.270	2.256.878	1.180.013
Aðrar skammtímakröfur .....		405.856	198.150	381.528	163.035
Handbært fé .....		207.537	731.204	100.976	632.198
		<u>5.476.226</u>	<u>3.069.806</u>	<u>4.984.238</u>	<u>2.461.466</u>
<b>Eignir</b>		<u>17.969.785</u>	<u>15.623.213</u>	<u>17.212.531</u>	<u>14.754.617</u>

# 30. júní 2006

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		30.06.2006	31.12.2005	30.06.2006	31.12.2005
<b>Eigið fé</b>	14				
Hlutfé .....		1.687.170	1.687.637	1.687.170	1.687.637
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		1.244.801	1.246.318	1.244.801	1.246.318
Lögbundinn varasjóður .....		425.000	425.000	425.000	425.000
Óráðstafað eigið fé .....		1.014.196	1.724.743	1.014.196	1.724.743
Eigið fé meirihlutaeigenda .....		4.371.166	5.083.698	4.371.166	5.083.698
Hlutdeild minnihluta .....		343.986	379.863	0	0
Eigið fé		4.715.152	5.463.561	4.371.166	5.083.698
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	15	7.647.966	6.472.628	7.572.849	6.405.587
Fjármálagerningar .....	16	182.284	603.570	182.284	603.570
Lífeyrisskuldbinding .....	16	252.200	252.200	252.200	252.200
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	457.295	525.491	418.883	463.751
		8.539.745	7.853.889	8.426.217	7.725.108
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		913.502	547.558	899.968	389.115
Skuldir við lánastofnanir .....		2.314.044	665.809	2.119.937	509.532
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		918.348	678.755	899.569	663.857
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	6	11.889	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		557.104	413.642	495.675	383.306
		4.714.887	2.305.763	4.415.149	1.945.810
Skuldir		13.254.632	10.159.652	12.841.365	9.670.919
<b>Eigið fé og skuldir</b>		17.969.785	15.623.213	17.212.531	14.754.617

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar til júní 2006

	Samstæða		Móðurfélag	
	1. janúar - 30. júní 2006	2005	1. janúar - 30. júní 2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstrarhagnaður .....	842.726	806.227	870.193	839.439
Bakfærðir reiknaðir rekstrarliðir .....	378.345	390.149	340.838	351.800
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda .....	(1.888.800)	(463.830)	(1.898.699)	(524.443)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>(667.729)</b>	<b>732.546</b>	<b>(687.668)</b>	<b>666.795</b>
Innborgaðir vextir .....	18.506	49.711	11.270	39.449
Greiddir vextir .....	(251.096)	(195.992)	(241.621)	(181.635)
Greiddir skattar .....	0	(8.046)	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(900.320)</b>	<b>578.218</b>	<b>(918.019)</b>	<b>524.609</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	(386.632)	(607.301)	(381.871)	(607.201)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	24.999	45.425	24.999	45.425
Ný skuldabréf .....	(7.000)	0	(7.000)	0
Afborganir skuldabréfa .....	10.522	4.952	10.522	4.952
Keypt hlutabréf .....	0	(109.202)	0	(109.202)
Seld hlutabréf .....	0	642.975	0	642.975
Arður frá hlutdeildarfélögum .....	0	1.900	0	1.900
	<b>(358.111)</b>	<b>(21.251)</b>	<b>(353.350)</b>	<b>(21.151)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Afborganir langtímaskulda .....	(371.569)	(387.415)	(362.123)	(363.515)
Greiddur arður .....	(506.151)	(507.048)	(506.151)	(507.048)
Viðskipti með eigin bréf .....	(1.985)	(11.407)	(1.985)	(11.407)
Hækkun á skammtímaskuldum við lánast. ....	1.614.469	(1.176.892)	1.610.405	(1.144.779)
	<b>734.763</b>	<b>(2.082.762)</b>	<b>740.146</b>	<b>(2.026.748)</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	(523.667)	(1.525.794)	(531.222)	(1.523.291)
Handbært fé í upphafi árs .....	731.204	2.252.677	632.198	2.128.504
Handbært fé í lok tímabilsins .....	<b>207.537</b>	<b>726.883</b>	<b>100.976</b>	<b>605.214</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>				
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	(204.397)	728.442	(204.397)	728.442
Rekstrarliðir sem ekki hreyfta hreint veltufé ...	1.723.092	147.327	1.716.611	149.823
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>1.518.695</b>	<b>875.769</b>	<b>1.512.214</b>	<b>878.264</b>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda .....	(2.419.015)	(297.551)	(2.430.233)	(353.656)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(900.320)</b>	<b>578.218</b>	<b>(918.019)</b>	<b>524.609</b>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Síldarvinnslan hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Síldarvinnslan hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 40 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Fyrirtækið er eitt það stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningur Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuárshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Ef ársreikningar dótturfélaga hafa óveruleg áhrif á samstæðunna er þeim haldið fyrir utan samstæðuna.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Árshlutareikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjámunna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samstanda af keyptum fiskveiðiheimildum.

Eignir þessar voru afskrifaðar árlega til ársloka 2004 en í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur er hætt að afskrifa fiskveiðiheimildir á línulegan hátt. Eftirleidis verður stuðst við virðisrýrnunarpróf á þessar eignir og þær færðar niður ef þær rýrna að verðmæti.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að komast að raun um hvort að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða	
	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Laun .....	794.745	788.521
Launatengd gjöld .....	180.718	143.745
	<u>975.463</u>	<u>932.266</u>
Meðalfjöldi starfa .....	275	321

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda samstæðunnar á tímabilinu námu 15,7 milljónum króna.

## 4. Fjármunatekjur

	Samstæða	
	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	2.303	1.522
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign .....	8.554	34.201
Söluhagnaður hlutabréfa .....	0	245.494
Arður af hlutabréfaeign .....	35	4.069
Gengishagnaður .....	402.080	31.564
Aðrar vaxtatekjur .....	10.643	12.582
	<u>423.614</u>	<u>329.432</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	Samstæða	
	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir .....	(250.938)	(27.787)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(2.041.025)	(103.606)
Hagnaður (tap) af skiptasamningum .....	826.234	(78.210)
Önnur vaxtagjöld .....	(28.480)	(54.020)
	<u>(1.494.210)</u>	<u>(263.624)</u>

# Skýringar

## 6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 56,7 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2007 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

## 7. Arður

Á árinu 2006 var arður greiddur til hluthafa. Arðgreiðslan nam 30% af hlutafé félagsins, eða kr. 510.000.000.

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Samstæða	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðjuvélar og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	5.486.974	6.094.809	8.358.403	19.940.186
Eignfært á tímabilinu .....	338.075	17.620	30.937	386.632
Selt og aflagt á tímabilinu .....	0	(274.392)	(35.638)	(310.030)
Staða í lok tímabilsins .....	5.825.049	5.838.037	8.353.702	20.016.788
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	2.120.612	3.790.278	5.788.473	11.699.363
Afskrift tímabilsins .....	83.053	92.087	207.686	382.827
Selt og aflagt á tímabilinu .....	0	(115.600)	(26.356)	(141.956)
Staða í lok tímabilsins .....	2.203.665	3.766.765	5.969.804	11.940.234
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.366.362	2.304.532	2.569.930	8.240.823
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	3.621.384	2.071.272	2.383.898	8.076.554
Afskriftarhlutföll .....	1-10%	6%	10-20%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok 2005 greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir .....	2.780.234	6.133.714
Skip og fylgihlutir .....		2.330.552
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		8.723.416
Rekstrarstöðvunartrygging .....		1.686.726

## 9. Óefnislegar eignir

Samstæða	Fiskveiðiheimildir
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða í ársbyrjun.....	4.134.888
Eignfært á árinu.....	149.776
Staða í lok tímabilsins .....	4.284.664
<b>Afskriftir</b>	
Staða í ársbyrjun.....	1.240.976
Staða í lok tímabilsins .....	1.240.976

# Skýringar

## 9. Óefnislegar eignir (framhald)

### Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.893.912
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	3.043.688

Fiskiskip samstæðunnar hafa til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2005, fiskveiðiheimildir sem eru um 5.211 tonn í þorskígildum af botnfiski og úthafsækju. Samstæðan hefur yfir að ráða 13,92% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af loðnu, fjórtán kvótum af Íslandssíld eða um 17.078 tonn, 25,22% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af kolmuna og 16,59% af norsk-íslenska síldarstofninum. Auk þess hefur samstæðan 801 tonn í þorskígildum af fiskveiðiheimildum utan lögsögunnar. Ónýttur hluti fiskveiðiheimildanna í lok ársins nam 2.437 þorskígildistonnunum af botnfiski.

## 10. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Staður	Hlutdeild	Megin starfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Fóðurverksmiðjan Laxá hf. ....	Akureyri	67,05%	Fóðurverksmiðja
Eignarhaldsfélag Austurlands hf. ....	Reyðarfjörður	53,92%	Eignarhaldsfélag
Garðar Guðmundsson hf. ....	Ólafsfjörður	79,30%	Útgerð
SR-mjöl hf. ....	Reykjavík	80,00%	Sölufyrirtæki
Seley ehf. ....	Norðfjörður	70,00%	Eignarhald um brunnbát

Eignarhlutar samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eru færðir í samræmi við hlutdeild félagsins í eigin fé þeirra að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

Ársreikningi Úthafssjávarfangs ehf. er haldið utan samstæðunnar en félagið er eignarhaldsfélag um eignarhlut í félaginu Atlantic Coast Fisheries (ACF). Helstu eignir ACF er eignarhlutur í MarLees, USA og fasteign í New Bedford, USA. Ársreikningi Fjárfestingafélags Austurlands hf. er haldið utan við samstæðuna. Félögin hafa óveruleg áhrif á samstæðuna.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:

	Staður	Hlutdeild
Úthafssjávarfang ehf.....	Reykjavík	100,00%
Fjárfestingafélag Austurlands hf.....	Egilsstöðum	71,76%
Sæsifur hf.....	Neskaupstað	38,77%
Runólfur Hallfredsson ehf.....	Akranesi	38,00%
Langanes hf.....	Húsavík	37,00%
Þingey.....	Hornafirði	50,00%
East Greenland Codfish A.S.....	Grænlandi	25,00%
A.G.V. ehf.,.....	Hafnarfirði	25,00%
Al-álvinnsla hf., .....	Reykjavík	24,77%
SR Vélaverkstæði hf.....	Siglufirði	35,01%
G. Skúlason hf.....	Neskaupstað	24,95%
Hlýri ehf.....	Neskaupstað	43,69%
Kjötkaup hf.....	Reyðarfirði	30,00%
KK-matvæli ehf.....	Reyðarfirði	45,00%
Fjarðarnet hf.....	Neskaupstað	18,92%
Hekla á Austurlandi ehf.....	Reyðarfirði	24,34%
Samtals bókfært verð ofangreindra eignarhluta .....		1.094.010

# Skýringar

## 11. Eignarhlutar í öðrum félögum

	Samstæða	
	30.6.2006	31.12.2005
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	85.136	85.136

## 12. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	Samstæða	
	30.6.2006	31.12.2005
Staða í ársbyrjun .....	190.114	49.665
Keypt á tímabilinu .....	7.000	146.560
Innborganir á tímabilinu .....	(10.522)	(7.405)
Verðbreytingar .....	27.781	1.295
Staða í lok tímabilsins .....	214.373	190.115
Næsta árs afborgun .....	(20.203)	(19.663)
	194.170	170.452

## 13. Vörubirgðir

	Samstæða	
	30.6.2006	31.12.2005
Hráefni .....	62.407	56.532
Fullunnar vörur .....	2.194.526	519.716
Rekstrarvörur .....	76.482	52.140
Veidarfæri .....	210.975	194.793
	2.544.391	823.181
Tryggingaverðmæti birgða .....	2.387.826	

## 14. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok .....	100,00%	1.700.000
Eigin hlutir í árslok .....	-0,75%	(12.830)
	99,25%	1.687.170

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	1.687.637	1.246.318	425.000	1.724.743	5.083.698
Keyptir eigin hlutir .....	(467)	(1.518)			(1.985)
Greiddur arður .....				(506.151)	(506.151)
Tap tímabilsins .....				(204.397)	(204.397)
Eigið fé 30.6.2006 .....	1.687.170	1.244.801	425.000	1.014.196	4.371.166

# Skýringar

## 15. Langtímaskuldir

Samstæða	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	3.145.652	2.706.990
Skuldir í CHF.....	1.608.051	1.291.243
Skuldir í EUR.....	1.235.463	1.005.140
Skuldir í JPY.....	1.127.013	947.494
Skuldir í GBP.....	947.795	771.552
Skuldir í NOK.....	461.830	373.565
Skuldir í ISK.....	40.511	55.398
	<u>8.566.315</u>	<u>7.151.382</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(918.348)	(678.755)
	<u>7.647.966</u>	<u>6.472.628</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
		<b>Samstæða</b>
Afborganir 1/7 2006 - 30/6 2007 .....		918.348
Afborganir 1/7 2007 - 30/6 2008 .....		868.814
Afborganir 1/7 2008 - 30/6 2009 .....		757.872
Afborganir 1/7 2009 - 30/6 2010 .....		597.377
Afborganir 1/7 2010 - 30/6 2011 .....		597.377
Afborganir síðar .....		<u>4.826.525</u>
		<u>8.566.315</u>

## 16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlauna þeirra starfsmanna Sildarvinnslunnar hf sem greiddu í Lífeyrissjóð starfsmanna Neskaupsstaðar. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 252,2 milljónum króna miðað við útreikninga um síðustu áramót.

## 17. Frestaður skattur

Samstæða	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í ársbyrjun.....	525.491
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins 1/1 - 30/06 2006.....	(56.741)
Leiðréttur tekjuskattur vegna fyrra árs.....	(10.694)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007.....	<u>(761)</u>
Staða í lok tímabilsins.....	<u>457.295</u>



# Skýringar

## 17. Frestaður skattur (framhald)

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	Samstæða
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	387.141
Óefnislegar eignir .....	189.015
Eignarhlutar í félögum .....	(96.467)
Lífeyrisskuldbinding .....	(45.396)
Aðrir liðir .....	23.312
Frestaður söluhagnaður .....	95.481
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	(95.791)
	<u>457.295</u>

## 18. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur skuldbundið sig til þess að leysa til sín eignarhluta annarra hluthafa í Garðari Guðmundssyni hf., en eignarhlutur Síldarvinnslunnar hf. í því félagi nemur 79,3% í lok tímabilsins. Heimild til innlausnar tekur gildi í áföngum til ársins 2010.

Ábyrgðir skulda utan efnahagsreiknings vegna þriðja aðila nema alls um 163,2 milljónum króna þar sem Síldarvinnslan hf. hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð gagnvart lánum sem Íslandsbanki hefur lánað Atlantic Coast Fisheries Corporation, félags í eigu dótturfélags Síldarvinnslunnar hf., Úthafssjávarfangs ehf., nú að eftirstöðvum 1,5 milljónum USD. Þessi lán eru með veði í fasteignum, vélum og tækjum, birgðum og útistandandi kröfum Atlantic Coast Fisheries Corporation. Auk þessarar ábyrgðar hefur Síldarvinnslan hf. gengist í sjálfskuldaábyrgð fyrir lánum Skeggeyjar ehf. að fjárhæð 50 milljónir króna en félagið er dótturfélag að fullu í eigu hlutdeildarfélagins Þingeyjar ehf.

Hluti gamla frystihúss félagsins að Strandgötu 77, Neskaupstað brann hinn 8. desember 2001 ásamt umbúðalager og tækjum. Nýlega féll dómur í héraðsdómi þar sem leigutakar fasteignarinnar voru dæmdir til að greiða Síldarvinnslunni hf. 122 milljónir króna með dráttarvöxtum, þar af hafa greiðst 14 milljónir króna. Ekkert hefur verið tekjufært í rekstrarreikningi vegna þessa dóms. Þar sem krafan hefur ekki fengist greidd úr hendi leigutaka hefur mál nú verið þingfest á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til greiðslu þeirra bótakrafna sem leigutakar höfðu áður verið dæmdir til að greiða. Leigutaki var með gilda ábyrgðatryggingu hjá því félagi en ágreiningur hefur verið á milli aðila um hvort tryggingin taki til þess tjóns sem var í brunanum.

## 19. Kennitölur samstæðu

Úr rekstrarreikningi	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005
<b>Arðsemi</b>		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	1.225.552	1.201.033
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	25,67%	21,71%
b) Hagnaðarhlutfall .....	-4,28%	13,17%
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS) .....	-12,11%	43,16%
d) Arðsemi eigin fjár .....	-4,23%	14,46%
a) EBITDA/rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)		d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

# Skýringar

## 19. Kennitölur samstæðu (framhald)

Úr efnahagsreikningi	30.6.2006	31.12.2005	
<b>Nýting fjármagns</b>			
e) Fjárbinding í birgðum .....	0,53	0,12	
f) Veltuhraði eigna .....	0,19	0,34	
g) Veltuhraði birgða .....	1,27	3,66	
h) Veltuhraði viðskiptakrafna .....	4,02	6,12	
e) Birgðir/rekstrartekjur		g) KSV/meðalstaða birgða	
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna	
	30.6.2006	31.12.2005	
<b>Greiðsluhæfi</b>			
i) Lausafjárhlutfall .....	0,62	0,97	
j) Veltufjárhlutfall .....	1,16	1,33	
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir	
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
k) Eiginfjárhlutfall .....	24%	33%	
l) Innra virði hlutfjár .....	2,59	3,01	
k) Eigið fé/heildarfjármagn		l) Eigið fé/hlutfé	
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005	Breyting
Kostnaðarverð sölu/rekstrartekjur .....	78,50%	80,08%	-1,58%
Útflutningskostnaður/rekstrartekjur .....	4,41%	6,81%	-2,41%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur .....	2,23%	2,53%	-0,30%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	0,88%	1,26%	-0,38%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>-60,85%</b>	<b>-65,51%</b>	<b>4,66%</b>

## 20. Sjóðstreymisýfirlit

Samstæða	1/1 - 30/6 2006	1/1 - 30/6 2005	1/1 - 30/6 2004
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	(204.397)	728.442	301.990
Afskriftir.....	381.950	394.806	582.613
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	1.792.622	(22.504)	16.504
Aðrar breytingar.....	(451.480)	(224.975)	162.260
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>1.518.695</b>	<b>875.769</b>	<b>1.063.367</b>
Breyting á:			
Rekstrartengdum eignum.....	(2.931.617)	(1.019.286)	(883.473)
Rekstrartengdum skuldum.....	512.602	721.735	498.821
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(900.320)</b>	<b>578.218</b>	<b>678.716</b>